

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. Þ 131/1482
komudagur 22.4.2005



Reykjavík, 22. apríl 2005

Efni: Umsögn BSRB um frumvarp til samkeppnislaga, 590.mál.

Frumvarp þetta er liður í grundvallarbreytingum sem fyrirhugaðar eru á sviði samkeppniseftirlits og neytendaverndar. (Sjá einnig umsögn BSRB um 592.mál) BSRB telur að meginmarkmið lagabreytinganna séu eftirsóknarverð en varar við of miklum hraða við þessar breytingar. **BSRB hefur átt viðræður við fulltrúa annarra samtaka launafólks og Neytendasamtökin og var það samdóma álit þessara aðila að fyrirhugaðar lagabreytingar væru svo óljósar um margt að eðlilegt væri að gefa þessu viðfangsefni betri tíma.**

BSRB leggur áherslu á að þegar gerðar eru breytingar á sviði neytendaverndar eigi að huga vel að áherslum verkalyðshreyfingar og þá ekki síður Neytendasamtakanna.

Um einstakar greinar vill BSRB taka eftirfarandi fram, en áskilur sér rétt til frekari ábendinga. Spyrja má hvort ekki væri eðlilegt að stjórn stofnunarinnar væri fjölmennari í ljósi mikilvægis og að tilnefningaraðilar kæmu að skipan í stjórnina í stað þess að fela ráðherra einum tilnefningarvaldið. Þá væri eðlilegt að gera þær kröfur til stjórnarmanna að þeir hefðu engin eigna- eða viðskiptatengsl sem gætu orkað tvímælis.

BSRB gerir alvarlega athugasemd við 6. grein frumvarpsins sem veitir stjórninni heimild til að ákvarða kjör forstjóra. Skýra þarf hvers vegna forstjóri þessarar stofnunar eigi að lúta öðrum reglum en almennt gerist hjá hinu opinbera? Hvers vegna á þessi einstaklingur ekki að heyra til sama kjaraumhverfis og annað starfsfólk í almannajónustu?

Í 7. gr. frumvarpsins segir að forstjóri Samkeppniseftirlitsins skuli búa yfir víðtækri reynslu og þekkingu á sviði samkeppnismála. Þetta er sjálfsögð krafa. Því er síðan hnýtt við að forstjórinn skuli hafa háskólamenntun án þess að það sé skilgreint nánar á hvaða sviði hún skuli vera. Þetta er fráleitt ákvæði sem ratar þó inn í alla löggjöf sem frá Alþingi kemur nú um stundir og virðist fyrst og fremst eiga að útiloka allt fólk frá embættum hjá hinu opinbera sem ekki hefur háskólagráðu upp á vasann. Þessu mótmælir BSRB.

27. grein frumvarpsins virðist heimila framsal dómsvalds úr landi en fram til þessa hafa íslenskir dómstólar ekki verið bundnir með svo afgerandi hætti af erlendum dómsniðurstöðum. Þetta ákvæði hlýtur að þurfa rækilegrar skoðunar við áður en það er fest í lög.

Í ákvæði til bráðabirgða segir að starfsmönnum Samkeppnisstofnunar skuli boðið annað starf hjá þeim stofnunum sem taka við verkefnum stofnunarinnar. Hér þarf að standa sambærilegt starf.

f.h. BSRB

A handwritten signature in black ink, which appears to read 'Svanhildur Halldórsdóttir'. Below the signature, the name 'Svanhildur Halldórsdóttir' is printed in a standard sans-serif font.